



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um breytingu á tekju- og eignamörkum vegna sérstaks húsnæðisstuðnings.

Á fundi velferðarráðs þann 6. febrúar 2019, var lögð fram tillaga sviðsstjóra, dags. 6. febrúar 2019, um breytingu á tekju- og eignamörkum vegna sérstaks húsnæðisstuðnings:

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar, frá 1. janúar 2019, á fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.
Greinargerð fylgir tillögu.

Samþykkt. Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráðsfulltrúi Sósíalístaflokksins fagnar öllum hækkunum í viðmiðunum í sérstökum húsnæðisstuðningi en hefði vilja sjá stuðninginn hækka enn frekar og er með tvær tillögur til umsagnar velferðarsviðs sem snúa að hækkun sérstaks húsnæðisstuðnings. Ein þeirra snýr að því að hækka sérstakan húsnæðisstuðning um 9,6% í takt við hækkun vísitölu leiguverðs á síðustu 12 mánuðum frá því að tillagan var lögð fram.


Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur hefur verið breytt á þann veg að frítekjumörk vegna húsnæðisbóta voru hækkuð um 7,2% um síðustu áramót. Nú hefur verið samþykkt að breyta reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning til samræmis við þessa hækkun þannig að fjárhæð tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 7,2% og mun sú breyting einnig taka gildi þann 1. janúar 2019.

Erindið er hér með sent borgarráði til samþykktar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Tillaga:

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar, frá 1. janúar 2019, á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.885.000	4.856.250	323.750	404.688
2	5.138.226	6.422.783	428.186	535.232
3	6.015.484	7.519.355	501.290	626.613
4 eða fleiri	6.516.774	8.145.968	543.065	678.831

Greinargerð:

Þann 18. janúar 2019 undirritaði félags- og barnamálaráðherra reglugerð sem felur í sér breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Í breytingunum fólst að frítekjumörk vegna húsnæðisbóta hækkuðu um 7,2% og gilda þær breytingar frá 1. janúar 2019. Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæð tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 7,2% og breytingin taki gildi þann 1. janúar 2019.

Heildaráætlun ársins 2019 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er um 915 mkr. og gert er ráð fyrir að hækkun rúmist innan fjárheimilda.